

**Fundargerð**  
**11. eigendafundar Strætó bs.**  
**Skrifstofa SSH, mánudaginn 5. september 2016, kl. 10:30**

Mætt:

**f.h. eigenda Strætó bs.:**

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg,  
Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ,  
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi,  
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ,  
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ,  
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ.

**frá stjórn Strætó bs.:**

Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavík, stjórnarformaður Strætó bs.,  
Bryndís Haraldsdóttir, Mosfellsbæ,  
Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ,  
Sverrir Óskarsson, Kópavogi,  
Einar Birkir Einarsson, Hafnarfirði,  
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi.

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri Strætó bs. og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Dagur B. Eggertsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

**1. mál: Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2017, yfirferð í samræmi við ákvæði í grein 5.2.5 í eigendastefnu byggðasamlagsins:**

**a) Forsendublað eigenda:**

**Forsendur fjárhagsáætlunar Strætó bs**

Samkvæmt eigendastefnu Strætó bs. skal eigendafundur ákvarða forsendur fjárhagsáætlunarvinnu byggðasamlaganna.

Lagt er til að eigendafundur samþykki eftirfarandi forsendur vegna fjárhagsáætlunarvinnu Strætó bs fyrir árið 2017:

## 1. Ytri forsendur:

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum byggðasamлага SSH byggja á þjóðhagssþá Hagstofu Íslands frá 27. maí sl.

Forsendur fjárhagsáætlunar						
Breytingar milli ársmeðaltala (%)	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Einkaneysla	6,0	4,8	3,6	2,9	2,7	2,5
Samneysla	1,1	1,0	1,5	1,8	1,8	1,6
Fjármunamyndun	16,0	6,4	1,9	3,0	3,9	4,0
Útflutningur vöru og þjónustu	6,9	3,8	3,6	3,6	2,8	2,7
Innflutningur vöru og þjónustu	11,9	5,4	3,2	3,3	2,7	2,5
Verg landsframleiðsla	4,3	3,5	2,9	2,8	2,7	2,7
Vísitala neysluverðs	2,2	3,9	3,5	2,8	2,6	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	-6,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala	11,1	6,3	5,8	5,3	4,5	4,3

Miða skal við spá Hagstofu í þjóðhagssþá frá 27. maí sl. um olíverðspróun vegna áætlunar um strætó vísitölu.

Einnig eru lagðar fram forsendur um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2016 og 2017, þ.e. milli ársloka 2015 og 2016 annars vegar og ársloka 2016 og 2017 hins vegar.

Forsendur fjárhagsáætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2016	2017
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,3	3,9

## 2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

## 3. Forsendur um framlög eigenda

Við áætlunargerðina skal miðað við óbreytt fyrirkomulag varðandi framlög eigenda en þessi þáttur kemur væntanlega til endurskoðunar fyrir lok nóvember 2016 í tengslum við tillögur um hagræðingu á grundvelli rekstrarúttekar eigenda og stjórnar Strætó bs., sjá 6. lið.

## 4. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

## 5. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að áætlun um fjárfestingar og fjármögnun þeirra verði lögð fyrir eigendur.

## 6. Rekstrarúttekt og tillögur um hagræðingu

Rekstrarúttekt á Stætó bs. á vegum félagsins og stjórnar SSH f.h. eigenda stendur yfir og er niðurstöðu og tillagna að vænta á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að tillit verði tekið til þessa fyrir lok nóvember, þ.e. fyrir síðari umræðu í sveitarstjórnnum eigenda um fjárhagsáætlun 2017.

## **b) Drög stjórnar byggðasamlagsins að fjárhagsáætlun 2017**

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Strætó bs. gerðu grein fyrir fyrirliggjandi drögum að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2017, bæði rekstri og áformuðum fjárfestingum.

Umræður

### **Niðurstaða:**

Stjórn Strætó bs. mun vinna áfram að mótun fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2017 með hliðsjón af þeim meginforsendum sem fram koma í liðum 1) og 2) hér að framan, og að teknu tilliti til bóknar sbr. lið b) hér að framan sem og í samræmi við ákvæði greinar 5.3.2 í eigendastefnu byggða-samlagsins.

Ennfremur verður við frekari úrvinnslu tekið tilliti til niðurstaðna og tillagna úr yfirstandandi rekstrarúttekt byggðasamlagsins sbr. 2. mál hér að neðan.

## **2. mál: Rekstrarúttekt Strætó bs. – staða og verklok**

Rætt var um yfirstandandi vinnu við rekstrarúttekt byggðasamlagsins. Fyrir liggur að vinna ráðgjafa og sérstaks verkefnahóps sem í eiga sæti m.a. fyrrv. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Strætó bs. mun ljúka á næstu vikum, og niðurstaða þeirrar vinnu verður lögð fyrir stýrihóp rekstrarúttektar byggðasamlaganna.

Umræður

### **Niðurstaða:**

Eigendafundurinn leggur áherslu á að vinnu við rekstrarúttektina ljúki sem fyrst, og stjórn byggða-samlagsins fái eins fljótt og auðið er kynningu á þeim tillögum sem af henni leiða.

## **3. mál: Framtíð almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu – Borgarlínan**

Rætt var um undirbúning v. mótunar Borgarlínunnar og tengsl þess verkefnis við yfirstandandi vinnu við skoðun á leiðakerfi Strætó bs. og fyrirhugaða kynnisferð til Evrópu og Kanada.

Bent var á nauðsyn þess að sveitarfélögin hugi strax að mögulegum aðgerðum við eflingu og fjölgun forgangsreina í núverandi leiðarkerfi Strætó bs, og að í því sambandi verði kallað til fundar með tæknimönnum sveitarfélaganna, Strætó bs. og fulltrúum Vegagerðarinnar til að koma þessu verkefni áfram.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 11:45

Páll Guðjónsson, fundarritari.

